

Frumvarp til laga

um

viðauka við lög nr. 25, 11. júlí 1911 um atvinnu við vjelgæslu á

Íslenskum skipum.

(Lagt fyrir alþingi 1914.)

Meðan vöntun er á íslenskum vjelstjórum, sem fullnægja ákvæðum laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum gufuskipum frá 11. júlí 1911, getur stjórnarráð Íslands veitt mönnum, er til þess teljast hæfir, leyfi til þess að vera vjelstjórar á íslenskum gufuskipum, þótt þeir fullnægi ekki ákvæðum nefndra laga.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Síðastliðinn vetur barst stjórnarráðinu erindi frá útgerðarmönnum botnvörpuskipa hjer í bænum, þar sem þeir skýrðu frá því, að ekki væri kostur á að fá nægilega marga vjelstjóra á botnvörpuskipin hjer, sem fullnægðu ákvæðum vjelstjoralaganna frá 11. júlí 1911, og að ekki væri auðið að fá hæfa útlenda vjelstjóra til þess, sem heimild mætti fá til að nota samkvæmt 2. málsgr. 6. gr. tjeðra laga, en hinsvegar væri vól á mönnum hjer, sem vel hæfir væru til vjelstjórastarfa á botnvörpuskipum, þótt ekki fullnægðu þeir skilyrðum laganna. Fóru útgerðarmennirnir því fram á, að stjórnarráðið útvegaði bráðabirgðalög,

sem heimiluðu að veita undanþágu frá kröfum þeim, sem lögín frá 1911 gjöra til vjelstjóra. Erindi þessu fylgdu meðmæli frá stjórn Fiskifjelags Íslands og frá stjórn vjelstjórafelagsins hjer í bænum, sem þó mælti með erindinu með þeim skilyrðum, að hin umbeðnu bráðabirgðalög innihjeldu nokkur nánar tiltekin ákvæði. Með því að stjórnarráðinu bæði af erindum þessum og á annan hátt var kunnugt, að vöntun væri á vjelstjórum, sem fullnægðu kröfum laganna, þótti nauðsyn á að útvega bráðabirgðalög til þess að botnvörpuskipin gætu gengið með löglegri skipshöfn. Hinsvegar þótti ekki eftir atvikum rjett að hafa bráðabirgðalög þessi viðtækari en svo, að þau nægðu til að ráða úr þeim vandræðum, sem vjelstjóraeklan olli, og gefa bráðabirgðalögin því aðeins heimild til að veita mönnum, sem til þess eru taldir hæfir — en um það atriði leitar stjórnarráðið álits kennara stýri-mannaskólans, vjelstjórakenslustofnunar landsins — leyfi til þess að vera vjelstjórar á tilteknu skipi meðan lögín eru í gildi, án þess leyfi þetta veiti nokkurn rjett til þess að fá vjelstjóraskirteini eftir lögunum frá 1911; en í þá átt, að bráðabirgðalögin veittu viðtækari rjett, gengu meðal annars skilyrði vjelstjórafelagsins í framangreindu erindi þess.

Alþingi verður gefinn kostur á að kynna sjer framangreind erindi svo og erindi, sem borist hefir hingað frá nefndu vjelstjórafelagi eftir að bráðabirgðalögin komu út.

Ákvæði lagafrumvarps þessa eru samhljóða bráðabirgðalögunum með þeim breytingum, sem leiða af því að frumvarpinu er ætlað að verða að lögum í stað bráðabirgðalaga.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög
um viðauka við lög nr. 25, 11. júlí 1911 um atvinnu
við vjelgæslu á íslenskum skipum.

VJER CHRISTIAN HINN TÍUNDI, af guðs náð Danmerkur konungur
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láen-
borg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Með því að það hefir verið borið upp fyrir Oss, að svo mikill hörgull sje nú á vjelstjórum, sem fullnægi ákvæðum laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum gufuskipum frá 11. júlí 1911, að til vandræða horfi fyrir hinn íslenska botnvörpuútveg, en hinsvegar sje í landinu vól á vel hæfum mönnum til að vera vjelstjórar, þótt þeir fullnægi ekki að öllu skilyrðum þeim, sem sett eru í nefndum lögum, teljum Vjer það brýna nauðsýn til að afstýra yfirvofandi hættu, sem af þessu stafar fyrir tjeðan atvinnuveg, sem nú er orðin mjög þýðingarmikill fyrir landið, að gefa út bráðabirgðarlög samkvæmt 11. gr. stjórnarskrárinnar, er veiti heimild til að taka fyrir vjelstjóra menn, sem til þess teljast hæfir, þótt þeir fullnægi ekki að öllu skilyrðum framannefndra laga.

Því bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

Meðan vöntun er á íslenskum vjelstjórum, sem fullnægja ákvæðum laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum gufuskipum frá 11. júlí 1911, getur stjórnarráð Íslands veitt mönnum, er til þess teljast hæfir, leyfi til þess að vera vjelstjórar á íslenskum gufuskipum, um þann tíma er bráðabirgðalög þessi eru í gildi, þótt þeir fullnægi ekki ákvæðum nefndra laga.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 2. mars 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

CHRISTIAN R.
(L. S.)

H. Hafstein.